



Forðist hættuleg rafföng



NEYTENDASTOFA

Forðist hættuleg rafföng

Selur þú hættuleg rafföng?

Ef rafföng eru ekki framleidd á réttan hátt geta þau valdið lífshættulegu rafstuði eða orskað eldsvoða.

Á hverju ári verður fjöldi bruna og slysa af völdum raffanga sem hafa í för með sér mannlegar hörmungar og efnahagslegan kostnað. Sem söluaðili raffanga er það þín ábyrgð að þau séu örugg og skaði ekki saklausa.

Gerðu öryggisathugun

Settu viðskiptavinum þínum ekki í lífshættu. Fylgdu gátlistanum okkar og athugaðu rafföngin áður en þú kaupir þau. Á þann hátt tekur þú þátt í að koma í veg fyrir slysa og bruna.

- Er CE-merking á raffanginu? Sem dæmi eiga nánast öll rafföng sem gerð eru fyrir almenna veitukerfið (venjulegt 230V húsarafmagn) að bera CE-merkingu, nema klær og tenglar til heimilisnota.
- Eru upprunamerkingar á raffanginu? Öll rafföng eiga að vera merkt með nafni framleiðanda eða vörumerki hans og gerðarmerkingu.
- Eru helstu raffræðilegar merkingar á raffanginu? T.d. spennan (V), afl (W) og einangrunarflokkur (class I, class II (□) eða class III (◆)).
- Er EB-samræmisýfirlýsing (EC-declaration of conformity) tiltæk? Ath. að samræmisýfirlýsingin á að vera gefin út af framleiðanda eða fulltrúa hans. Yfirlýsingar eða vottorð „þriðja“ aðila, t.d. prófunarstofu, eru ekki fullnægjandi.

- Fylgja notkunar- og uppsetningarleiðbeiningar? Ath. að leiðbeiningar er varða öryggi eiga að vera á íslensku.
- Eru spennuhafa hlutar snertanlegir?
- Er togfesta aðtaugar, sem tryggir að ekki verði togálag á tengingar, fullnægjandi?
- Eru skarpar brúnir þar sem aðtaugin kemur inn í raffangið?
- Hefur raffangið óeðlilega grannar taugar (víra), þ.e. grennri en eldspýta?

Hverjar geta afleiðingarnar orðið:

Afleiðingar bruna og slysa af völdum raffanga geta verið hörmulegar en þar að auki getur Neytendastofa bannað sölu raffanga sem ekki uppfylla ákvæði um öryggi eða formleg skilyrði til markaðssetningar. Ef raffang er álitíð sérstaklega hættulegt getur Neytendastofa krafist tafarlausrar innköllunar þess frá almenningi, það er t.d. gert með auglýsingum í dagblöðum.

Allur kostnaður við rannsókn raffangs sem ekki uppfyllir kröfur fellur á ábyrgðaraðila þess, þ.e. innflytjanda eða innlendan framleiðanda, auk kostnaðar við innköllun.

Skoðaðu rafföng áður en þú kaupir

- Er CE-merking á raffanginu? Nánast öll rafföng sem gerð eru fyrir almenna rafkerfið eiga að bera CE-merkingu.
- Eru upprunamerkingar á raffanginu? Öll rafföng eiga að vera merkt með nafni framleiðanda eða vörumerki hans og gerðarmerkingu.
- Eru helstu raffræðilegar merkingar á raffanginu? T.d. spenna (V), afl (W) og einangrunarflokkur (class I, class II (□) eða class III (◇)).
- Er EB-samræmisýfirlýsing (EC-declaration of conformity) tiltæk? Samræmisýfirlýsingin á að vera gefin út af framleiðanda eða fulltrúa hans.
- Fylgja notkunar- og uppsetningarleiðbeiningar? Leiðbeiningar er varða öryggi eiga að vera á íslensku.
- Eru spennuhafa hlutar snertanlegir?
- Er togfesta aðtaugar fullnægjandi, þannig að ekki verði togálag á tengingar?
- Eru skarpar brúnir þar sem aðtaugin kemur inn í raffangið?
- Hefur raffangið óeðlilega grannar taugar (víra), þ.e. grennri en eld-spýta?

Meginhlutverk Neytendastofu er að annast framkvæmd laga um rafmagnsöryggi, öryggi almennrar framleiðsluvöru, mælifræði, eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins. Neytendastofu er auk þess falið að leysa af hendi verkefni sem henni eru falin í ýmsum lögum sem hafa að geyma sérreglur um réttindi neytenda, sbr. lög um neytendalán, lög um vörur unnar úr eðalmálum, lög um rafrænar undirskriftir, lög um rafræn viðskipti og aðra rafræna þjónustu.



NEYTENDASTOFA

Borgartúni 21, 105 Reykjavík, Sími: 510 1100, Fax: 510 1101
postur@neytendastofa.is, www.neytendastofa.is